

AUGLÝSING

153

11. sept.

um greiðslu yfirfærslugjalds af greiðslum vegna leigu á erlendum skipum.

Með tilvísun til bráðabirgðalaga nr. 67 11. sept. 1957, um breytingu á lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., tilkynnist hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið, að gjaldeyrisgreiðslur fyrir leigu erlendra skipa, sem flytja eingöngu oliur, benzín, kol, salt og íslenzkar útflutningsafurðir skuli undanþegnar yfirfærslugjaldi. Allar aðrar gjaldeyrisgreiðslur fyrir skipaleigu skulu háðar 8% yfirfærslugjaldi. Ef erlent skip er notað jafnframt til flutninga, sem undanþegnir eru yfirfærslugjaldi, skal greiðsla yfirfærslugjalds miðuð að eins við þá flutninga, sem gjaldskyldir eru.

Forsætisráðuneytið, 11. september 1957.

Hermann Jónasson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi 1957, B. 11.

REGLUR

154

17. ágúst

um hreindýraveiðar í Múlasýslum árið 1957.

1. gr.

Árið 1957 skal heimilt að veiða allt að 600 hreindýr í Múlasýslum. Skal veiðin fara fram á tímabilinu 17. ágúst til 20. september. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar síðar á árinu, ef í ljós kemur, að eigi hefur á aðalveiðitímabilinu tekizt að ná þeirri tölu dýra, sem heimilt er að farga, enda mæli eftirlitsmaður hreindýranna með lenging veiðitímans.

2. gr.

Hreindýraveiðar skulu fara fram undir umsjá hreindýraeftirlitsmanns og aðstoðarmanna, er hann kann að kveðja til.

3. gr.

Tala þeirra dýra, sem heimilað er að veiða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

(1) Fljótsdalshreppur	150 hreindýr
(2) Jökulsdalshreppur	130 —
(3) Fellahreppur	80 —
(4) Tunguhreppur	70 —
(5) Hlíðarhreppur	25 —
(6) Hjaltastaðahreppur	15 —
(7) Skriðdalshreppur	43 —
(8) Vallahreppur	25 —
(9) Egilsstaðahreppur	7 —
(10) Eiðahreppur	15 —
(11) Breiðdalshreppur	10 —
(12) Beruneshreppur	15 —
(13) Geithellnahreppur	15 —

Samtals 600 hreindýr

B 34